

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur um sérhæfðan íþróttabúnað fyrir fatlaða íþróttamenn.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa fengið endurgreiddan virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn sl. 10 ár? Svarið óskast sundurliðað eftir árum.*

Heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða er ekki að finna í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, heldur í 6. gr. fjárlaga fyrir einstök ár. Heimildin var í gildi á fjárlögum árin 2009, 2010, 2011, 2012 og 2014, nánar tiltekið í 6. gr. fjárlaga, lið 7.13 árið 2009, lið 7.7 árið 2010, lið 7.5 árin 2011 og 2012 og lið 7.8 árið 2014. Í fjárlagafrumvarpi 2015 er að finna sambærilegt ákvæði í 6. gr., lið 7.5.

Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá ráðuneytisins hafa einungis þrjár endurgreiðslur á virðisaukaskatti átt sér stað á grundvelli framangreindra ákvæða á fjárlögum árunna 2009, 2010, 2011, 2012 og 2014. Ein endurgreiðsla árið 2011 og tvær á árinu 2012.

2. *Hverjir eru tollflokkarnir sem um ræðir á hverju ári?*

Ekki eru til í tollskrá sérstök tollskrárnúmer yfir vörur fyrir fatlaða. Þær vörur sem um ræðir í svari við 1. tölul. voru tollflokkaðar sem hér segir:

1. Sérhannaðir skíðastafir, 9506-1900.
2. Sérhannaður seglbátur fyrir fatlaða, 8903-9100.
3. Sérhannað handstigið hjól fyrir fatlaða, 8712-0000.